

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 128/1999/EB

frá 14. desember 1998

um að taka upp þriðju kynslóð þráðlausra farstöðva- og fjarskiptakerfa (altæka farstöðvakerfisins (UMTS)) í bandalaginu með samræmdum hætti(*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 57., 66. og 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 29. maí 1997 lagði framkvæmdastjórnin fram orðsendingu til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar um frekari þróun þráðlausra farstöðva- og fjarskiptakerfa.
- 2) Hinn 15. október 1997 lagði framkvæmdastjórnin fram orðsendingu um áætlun og stefnumörkun að því er varðar frekari þróun þráðlausra farstöðva- og fjarskiptakerfa (altæka farstöðvakerfisins (UMTS)).
- 3) Hinn 1. desember 1997 fór ráðið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram tillögu að ákvörðun sem Evrópuþingið og ráðið myndu taka í byrjun árs 1998, og gerði kleift að vinna að

stefnumörkun varðandi efnisatriði málsins og auðvelda, innan gildandi lagaramma bandalagsins, skjóta afgreiðslu leyfa í altæka farstöðvakerfinu (UMTS) og, þar sem við á og á grundvelli núverandi úthlutunar valdsviða, með tilliti til samræmdrar úthlutunar mismunandi tíðnisviða í bandalaginu og reikis um alla Evrópu. Evrópuþingið samþykkti, 29. janúar 1998, ályktun þar sem fram kom mikill stuðningur þess við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 15. október 1997.

- 4) Þróa þarf nýja kynslóð nýstárlegra kerfa til veitingar þráðlausrar margmiðlunarþjónustu um breiðband, þar með talið Netþjónustu og annarar þjónustu sem grundvallast á IP-samskiptareglum (Internet Protocol), til að veita sveigjanlega og persónulega þjónustu og styðja við háhraðaflutning gagna þar sem blandað er saman notkun fastra jarðstöðva, færanlegs búnaðar og gervihnatta. Þessi ákvörðun gildir með fyrirvara um ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 710/97/EB frá 24. mars 1997 um samræmda nálgun á samþykkisveitingu á sviði gervihnattatengdrar persónusamskiptaþjónustu í bandalaginu ⁽⁵⁾. Nauðsynlegt er að tryggja hraðan markaðsaðgang þannig að nægileg samkeppni geti tryggt snurðulausa, hnattræna þjónustu, lágan kostnað og nýjar þjónustuleiðir.
- 5) Á Alþjóðaráðstefnunni um stjórnun þráðlausra fjarskipta (WARC 92) árið 1992 skilgreindi Alþjóða-fjarskiptasambandið (ITU) tíðniróf fyrir þróun bæði gervihnatta- og jarðstöðvahlutana „Future Public Land Mobile Telecommunications System“ (FPLMTS), síðar nefnt IMT-2000 (alþjóðleg farstöðvafjarskipti 2000). Samkvæmt ITU-ályktun 212 og samkvæmt Alþjóðaráðstefnunni um stjórnun þráðlausra fjarskipta 1995 (WRC 95) ætti framkvæmd jarðstöðvahlutans að hefjast kringum árið 2000.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 17, 22.1.1999, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 131, 29. 4. 1998, bls. 9 og Stjtið. EB C 276, 4. 9. 1998, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 214, 10. 7. 1998, bls. 92.

⁽³⁾ Álit var skilað 16. september 1998 (Stjtið. EB C 373, 2. 12. 1998).

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 18. júní 1998 (Stjtið. EB C 210, 6. 7. 1998), sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. september 1998 (Stjtið. EB C 333, 30. 10. 1998, bls. 56) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. nóvember 1998 (Stjtið. EB C 379, 7. 12. 1998). Ákvörðun ráðsins frá 30. nóvember 1998.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 105, 23. 4. 1997, bls. 4.

- 6) Hugmyndin um altækt farstöðvakerfi (UMTS) í bandalaginu þarf að vera samrýmanleg hugmyndinni um þriðju kynslóðar farstöðvakerfi, sem nefnd hafa verið alþjóðleg farstöðvafjarskipti 2000 (IMT 2000) og voru þróuð af Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU) á alþjóðavísu á grundvelli ITU-ályktunar 212.
- 7) Farstöðvafjarskipti og þráðlaus fjarskipti hafa lykilþýðingu bæði fyrir þróun fjarskiptaiðnaðar bandalagsins og upplýsingasamfélagsins og enn fremur fyrir efnahag og atvinnu í bandalaginu í heild. Framkvæmdastjórnin samþykkti, hinn 3. desember 1997, grænbók um samleitni fjarskipta-, fjölmiðla- og upplýsingateknigeiranna og áhrif hennar á löggjöf. Á grundvelli samráðs í framhaldi af grænbókinni mun framkvæmdastjórnin hafa í huga áhrif samleitni á altæka farstöðvakerfið (UMTS), einkum með tilliti til endurskoðunar löggjafar bandalagsins um fjarskipti árið 1999.
- 8) Skjótur og markvissar aðgerðir þarf á vettvangi bandalagsins til að skapa hagstætt umhverfi fyrir fjárfestingar og uppsetningu altæka farstöðvakerfisins (UMTS) og stuðla að þróun þjónustu innan bandalagsins, innan Evrópu og hnattrænt á eins stóru svæði og unnt er. Aðildarríkjunum ber að leyfa skjóta og samræmda uppsetningu dreifikerfa og þjónustu í samhæfða, altæka farstöðvakerfinu (UMTS) í bandalaginu á grundvelli meginreglna um innri markaðinn og í samræmi við evrópska staðla fyrir altæka farstöðvakerfið (UMTS), sem samþykktir hafa verið eða þróaðir af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI), þar sem þeir liggja fyrir, þar með talið einkum sameiginlegur, opinn og alþjóðlega samkeppnishæfur staðall fyrir þráðlausa skilfleti. Sundurleit innlend lög og stjórnsýslufyrirmæli geta hindrað eða komið í veg fyrir veitingu þjónustu í altæka farstöðvakerfinu (UMTS) og frjálsa flutninga hlutaðeigandi búnaðar í bandalaginu og hnattrænt.
- 9) Löggjöf bandalagsins, þar með talið samkeppnisreglur, gildir um þetta svið, einkum tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/2/EB frá 16. janúar 1996 um breytingu á tilskipun 90/388/EBE að því er varðar farstöðva- og einkafjarskipti ⁽⁶⁾, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/19/EB frá 13. mars 1996 um breytingu á tilskipun 90/388/EBE að því er varðar afnám samkeppnishæfta á mörkuðum fyrir fjarskipti ⁽⁷⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB frá 10. apríl 1997 um sameiginlegan ramma um almennar heimildir og rekstrarleyfi fyrir almenn leyfi og einstök leyfi á sviði fjarskiptaþjónustu ⁽⁸⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/33/EB frá 30. júní 1997 um samtingingu í fjarskiptum til að tryggja altæka þjónustu og rekstrarsamhæfi með því að beita meginreglum um frjálsan aðgang að netum (ONP) ⁽⁹⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/66/EB frá 15. desember 1997 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífsins á fjarskiptasviðinu ⁽¹⁰⁾. Sá listi skilyrða, sem tengja má heimildum fyrir altæka farstöðvakerfið (UMTS) í samræmi við tilskipun 97/13/EB er með fyrirvara um ráðstafanir sem aðildarríkin hafa gert til almannaheilla, samanber ákvæði sáttmálans, einkum 36. og 56. gr., sérstaklega í tengslum við almannaöryggi, þar á meðal rannsókn á refsiverðu athæfi.
- 10) Fyrirtæki, sem bjóða fram net og þjónustu í altæka farstöðvakerfinu (UMTS) eða þjónustu um slík net, skulu geta komist inn á markaðinn án ónauðsynlegra takmarkana eða hárrar gjaldtöku til að unnt verði að koma á öflugum markaði og viðtækri samkeppnishæfri þjónustu.
- 11) Í samræmi við lög bandalagsins, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/13/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/2/EB ber: í fyrsta lagi að takmarka rekstrarleyfi til að stofnsetja og/eða starfrækja altæk farstöðvakerfi (UMTS), í öðru lagi má aðeins takmarka fjölda útgefna leyfa fyrir altæk farstöðvakerfi á grundvelli þess að tíðniróf sé sannanlega af skornum skammti og í þriðja lagi, ætti að úthluta leyfum á grundvelli hlutlægra, nákvæmra viðmiðana án mismununar og í réttum hlutföllum, óháð því hvort einstakir umsækjendur um leyfi eru þegar stjórnendur annarra kerfa.
- 12) Leyfin ættu að gera reiki milli landa kleift og aðildarríkin ættu að hvetja til þess, til að tryggja þjónustu í öllu bandalaginu og um alla Evrópu. Hafa skyldi samvinnu við Samtök póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu (CEPT) gegnum Evrópunefnd um starfsreglur á fjarskiptasviðinu (ECTRA) fyrir altæka farstöðvakerfið (UMTS). Þegar þörf krefur ber að gefa út umboð til að koma á fót einnarviðkomuáðferð fyrir þjónustu.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 20, 26. 1. 1996, bls. 59.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 74, 22. 3. 1996, bls. 13.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 117, 7. 5. 1997, bls. 15.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 199, 26. 7. 1997, bls. 32.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 24, 30. 1. 1998, bls. 1.

- 13) Umfang tíðnisviða, sem verða aðgengileg, mun hafa bein áhrif á hve samkeppnishæfur markaðurinn verður. Því ætti að taka mið af áætlaðri eftirspurn þegar umfang tíðnisviða, sem úthluta skal, er ákvarðað og rýma nægilegt umfang tíðnisviða með nægum fyrirvara til að ná fram fjölbreyttu, samkeppnishæfu úrvali þráðlausrar margmiðlunarþjónustu.
- 14) Úthlutun tíðnisviða er árangursríkust í gegnum Evrópunefndina um þráðlaus fjarskipti innan ramma Samtaka póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu (CEPT). Tryggja ber að viðeigandi reglur séu settar í tæka tíð til að tryggja framkvæmd ákvarðana Evrópunefndarinnar um þráðlaus fjarskipti (ERC) í bandalaginu ef nauðsyn krefur. Hvetja ber aðildarríkin til að láta framkvæmdastjórninni reglulega í té upplýsingar um framkvæmd ákvarðana Evrópunefndarinnar. Viðbótaraðgerðir bandalagsins kunna að vera nauðsynlegar til að tryggja tímanlega framkvæmd ákvarðana Samtaka póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu innan aðildarríkjanna.
- 15) Nægilegt tíðnisvið mun verða nauðsynlegt til að geta stuðlað að þróun markaðar með fjölbreyttu, samkeppnishæfu úrvali þráðlausrar margmiðlunarþjónustu. Hinn 30. júní 1997 samþykkti Evrópunefndin ákvörðun ERC/DEC/(97)07 um tíðnisvið fyrir upptöku altæka farstöðvakerfisins (UMTS) sem tók gildi hinn 1. október 1997.
- 16) Í þessari ákvörðun Evrópunefndarinnar (ERC) er tíðnisviðunum 1900-1980 MHz, 2010-2025 MHz og 2110-2170 MHz úthlutað fyrir jarðstöðvabúnað í altæka farstöðvakerfinu (UMTS), og tíðnisviðunum 1980-2010 MHz og 2170-2200 MHz fyrir búnað gervihnattastöðva í altæka farstöðvakerfinu (UMTS). Úthluta þarf nægilegu tíðnisviði innan þeirra bandvídda sem tilgreindar voru af Alþjóðaráðstefnunni um stjórnun þráðlausra fjarskipta (WARC 92) samkvæmt síauknum þörfum fyrir þetta tíðnisvið áður en farið verður að nýta altæka farstöðvafjónusta (UMTS) í viðskiptalegum tilgangi. Viðbótartíðniróf kann að verða nauðsynlegt innan fárra ára.
- 17) Innan Alþjóðafjarskiptasambandsins hefur endurskoðun tíðnisviðs og reglusetningar, sem varða altæka farstöðvakerfið (UMTS) og einföldun starfrækslu fjölþætts endabúnaðar og alþjóðlegs reikis fyrir alþjóðleg farstöðvafjarskipti 2000 (IMT 2000), verið sett á dagskrá næstu Alþjóðaráðstefnu um stjórnun þráðlausra fjarskipta (WRC) til að unnt verði að skilgreina viðbótartíðniróf til að fullnægja þörfum markaðarins fyrir 2005 til 2010. Því þarf að þróa og kynna sameiginlega afstöðu Evrópu á alþjóðavettvangi með þátttöku allra áhugasamra aðila.
- 18) Aðgengi að tíðnisviði og viðeigandi verðlagning, umfang og gæði verða grundvallaratriði vel heppnaðrar þróunar altæka farstöðvakerfisins (UMTS). Aðferðir við verðlagningu tíðnisviðsins ættu ekki að hafa neikvæð áhrif á samkeppnisskipulag markaðarins og eiga þær að virða almannahagsmuni en tryggja jafnframt árangursrík not tíðnisviðsins sem verðmætrar auðlindar.
- 19) Sérstök samvinna rekstraraðila kann að vera nauðsynleg til að veita þjónustu á strjálbýlum svæðum. Þessi ákvörðun hindrar ekki aðildarríkin í að fyrirskipa viðeigandi form innlands reikis milli rekstraraðila, sem leyfi hafa á yfirráðasvæði þeirra, að því marki sem þurfa þykir til að tryggja að samkeppni sé í jafnvægi og án mismununar.
- 20) Framkvæmdastjórnin lagði fram tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um tengdan fjarskiptabúnað og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi búnaðar, sem koma á í stað tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/13/EB frá 12. febrúar 1998 um endabúnað til fjarskipta og búnað fyrir gervihnattajarðstöðvar og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ⁽¹⁾. Viðeigandi samhæfir staðlar, sem þróaðir hafa verið af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI) og viðurkenndir samkvæmt tilskipun 98/13/EB, munu tryggja frjálstan flutning endabúnaðar, þar með talið fyrir altæka farstöðvakerfið (UMTS).
- 21) Önnur kynslóð hólfskiptra, stafrænna fjarskiptakerfa var upprunalega skilgreind í tilskipun ráðsins 87/372/EBE frá 25. júní 1987 um tíðnisvið sem taka skal frá fyrir samræmda opnun almenns Evrópu-farsíma innan bandalagsins ⁽²⁾ en notkunarsvið þeirra skal vera á 900 MHz bandinu. Líta verður á DCS-1800 sem hluta af annarri kynslóð GSM búnaðarins. Bandalagið ætti að byggja á árangri núverandi kynslóðar stafrænnar farstöðvataekni, þar með talið GSM, bæði í Evrópu og um allan heim, að teknu tilliti til samvirkni milli altæka farstöðvakerfisins (UMTS) og kerfa annarrar kynslóðar. Samkvæmt lögum bandalagsins ætti engin mismunun að vera milli GSM rekstraraðila og nýrra aðila á markaði altæka farstöðvakerfisins (UMTS). Altæka farstöðvakerfið (UMTS) ætti að þróast í eitt snurðulaust umhverfi með fullu reiki við GSM og enn fremur milli jarð- og gervihnattahluta altæka farstöðvakerfisins (UMTS), sem að líkindum gerir blendingsendabúnað á borð við tvöfaldan ham- eða bandendabúnað GSM/altæka farstöðvakerfisins og jarð-/gervihnattaendabúnaðar nauðsynlegan.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 74, 12. 3. 1998, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 196, 17. 7. 1987, bls. 85.

- 22) Mikilvægt er að altæku farstöðvakerfin (UMTS) veiti örugg og áreiðanleg fjarskipti og að öryggi sé tryggt, þar með talið vernd gegn sviksamlegum notum, sem að minnsta kosti jafnast á við öryggi annarrar kynslóðar farstöðvafjarskipta.
- 23) Altæka farstöðvakerfið (UMTS) stefnir að hnattrænum markaði. Því ætti að samþykkja og leggja sameiginlega evrópska staðalinn fyrir altæka farstöðvakerfið (UMTS) fram sem hluta af „hugmyndinni um vöruhópinn IMT-2000“ sem þróað hefur verið af Alþjóðafjarskiptasambandinu (ITU) til að auka líkur á að altæka farstöðvakerfið (UMTS) verði tekið upp á mörkuðum utan Evrópu. Þau tímamörk, sem Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) hefur sett, þurfa því að standast innan bandalagsins og taka verður tillit til endanlegra tæknilegra krafna Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU).
- 24) Frjáls beiting staðlanna verður áfram almenna reglan en verið getur að styðjast þurfi við lögboðna staðla fyrir skilfleti og við aðstæður þar sem nauðsynlegt er að tryggja rekstrarsamhæfi og auðvelda reiki milli farstöðvakerfa og þjónustu. Samhæfir staðlar eru samþykktir af staðlastofnunum á borð við Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI), sem auðveldar eftirlitsaðgerðir.
- 25) Árið 1995 veitti framkvæmdastjórnin Fjarskipta-staðlastofnun Evrópu (ETSI) almennt stöðlunar-umboð með tilliti til altæka farstöðvakerfisins (UMTS) í samræmi við tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða⁽¹³⁾ og ákvörðun ráðsins 87/95/EBE frá 22. desember 1986 um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta⁽¹⁴⁾, og hún mun í framtíðinni geta veitt fleiri umboð.
- 26) Taka ber tillit til félagslegra og samfélagslegra áhrifa við umskiptin yfir í þráðlausa upplýsingasamfélagið. Samræma ætti þróun altæka farstöðvakerfisins (UMTS) og hlutaðeigandi staðla við tengdar aðgerðir, til dæmis þróun upplýsingasamfélags í öllu bandalaginu, stuðning við tæknipjálfun í tengslum við altæka farstöðvakerfið (UMTS), aðgang eldri borgara og fatlaðra og rannsóknir á hugsanlegri heilsufars-hættu vegna farstöðvafjarskipta.

- 27) Fyrirtæki í bandalaginu ættu að hafa fullan ávinning af alþjóðlegum viðskiptasamningum á borð við samninga, sem undirritaðir hafa verið innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), þar með talið samningum um tolla, á borð við samninginn um upplýsingatækni, og frá Ístanbúl-ráðstefnunni um afnám tolla á persónulegum eigum og sérfræðibúnaði og hafa virkan markaðsaðgang með sértækum skilmálum og skilyrðum, þar með talið innlendri meðferð, sem er bindandi fyrir aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Framkvæmdastjórnin getur gripið til nauðsynlegra aðgerða til framkvæmdar alþjóðlegum samningum. Það kann að vera nauðsynlegt að bæta við þá með sérstökum tvíhliða eða marghliða samningum og samninga-viðræðum sem framkvæmdastjórnin getur hafið á grundvelli umboðs frá ráðinu.
- 28) Við framkvæmd þessarar ákvörðunar skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar leyfisveitinganefndar, sem stofnuð var með tilskipun 97/13/EB. Við framkvæmd þessarar ákvörðunar skal framkvæmdastjórnin, með aðstoð nefndarinnar, starfa náið með hlutaðeigandi utanaðkomandi aðilum.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Tilgangur

Markmið þessarar ákvörðunar skal vera að auðvelda skjóta og samræmda kynningu á samhæfðum altækum farstöðvakerfum (UMTS) og þjónustu í bandalaginu á grundvelli meginreglna innri markaðarins og í samræmi við kröfur markaðarins.

2. gr.

Skilgreining

Í þessari ákvörðun merkir „altæka farstöðvakerfið“ (UMTS) þriðju kynslóð farstöðva og þráðlausra fjarskiptakerfa, sem einkum er unnt að nota með nýstárlegri margmiðlunarþjónustu, umfram getu kerfa annarrar kynslóðar á borð við GSM, og getur sameinað not jarð- og gervihnattahluta. Þetta kerfi skal að minnsta kosti uppfylla þær sértæku kröfur sem um getur í I. viðauka.

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 109, 26. 4. 1983, bls. 8. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 98/34/EB (Stjtið. EB L 204, 21. 7. 1998, bls. 37).

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 36, 7. 2. 1987, bls. 31.

3. gr.

Samræmd leyfisveitingaraðferð

1. Aðildarríkin skulu grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að unnt verði, í samræmi við 1. gr. tilskipunar 97/13/EB, að taka smám saman upp með samhæfðum hætti, altæka farstöðvakerfisþjónustu (UMTS) á yfirráðasvæði þeirra fyrir 1. janúar 2002 í síðasta lagi og einkum að koma á fót leyfisveitingakerfi fyrir altæka farstöðvakerfið (UMTS) eigi síðar en 1. janúar 2000.

2. Veita skal þeim aðildarríkjum, sem óska þess, viðbótaraðlögunartíma allt að 12 mánuði fram yfir þær dagsetningar sem um getur í 1. mgr. til að koma á fót leyfisveitingakerfi og taka upp altæka farstöðvakerfisþjónustu (UMTS), að því marki sem þau geta réttlætt slíkt vegna sérstakra tæknierfðleika við að aðlaga tíðnisvið sín eins og nauðsynlegt er. Slíka beiðni skal leggja fram fyrir 1. janúar 2000. Framkvæmdastjórnin skal meta slíkar beiðnir og taka rökstudda ákvörðun innan þriggja mánaða. Sé þess óskað skal veita hvaða hagsmunaaðila sem er aðgang að upplýsingum, með hliðsjón af lögmætum hagsmunum fyrirtækjanna sem varða verndun viðskiptaleyndarmála þeirra.

3. Þegar aðildarríkin setja upp og beita leyfisveitingakerfum sínum skulu þau tryggja, í samræmi við löggjöf bandalagsins, að veiting altæka farstöðvakerfisins (UMTS) sé skipulögð:

- á tíðnisviðum, sem eru samhæfð af Samtökum póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu (CEPT) í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 5. gr.,
- í samræmi við evrópska staðla fyrir altæka farstöðvakerfið (UMTS), sem samþykktir hafa verið og þróaðir af Fjarskiptastaðlofstofnun Evrópu (ETSI), þar sem þeir liggja fyrir, þar með talið einkum sameiginlegur, opin og alþjóðlega samkeppnishæfur þráðlaus skilflatastaðall. Aðildarríkin skulu tryggja að leyfin leyfi reiki milli landa í bandalaginu.

4. Í ljósi þess að nauðsynlegt getur verið, í samræmi við árangursríka notkun á útvarpstíðnum, að takmarka fjölda altækra farstöðvakerfa (UMTS) sem leyfi er veitt fyrir í aðildarríkjunum ef í ljós kemur samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 17. gr. tilskipunar 97/13/EB og í tengslum við Samtök póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu (CEPT), að hugsanlegar tegundir kerfa séu ósamrýmanlegar, skulu aðildarríkin samræma aðferðir sínar með tilliti til þess að veita leyfi fyrir samrýmanlegum tegundum altæka farstöðvakerfisins (UMTS) í bandalaginu.

4. gr.

Reikaréttindi og -skyldur

1. Aðildarríkin skulu hvetja fyrirtæki, sem bjóða fram net fyrir altæk farstöðvakerfi (UMTS), til að semja sín á milli um reiki milli landa til að tryggja snurðulausa þjónustu innan alls bandalagsins.

2. Aðildarríki geta, þar sem nauðsyn krefur, gripið til aðgerða í samræmi við lög bandalagsins til að tryggja þjónustu á strjálbýlum svæðum.

5. gr.

Samvinna við Samtök póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu (CEPT)

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr. tilskipunar 97/13/EB, veita Samtökum póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu/Evrópunefnd um þráðlaus fjarskipti (CEPT/ERC) og Samtökum póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu/Evrópunefnd um starfsreglur á fjarskiptasviðinu (CEPT/ECTRA) umboð, meðal annars til að samræma tíðninotkun. Í þessum umboðum skal skilgreina þau verkefni sem framkvæma skal og ákveða tímaáætlun.

2. Tímaáætlun fyrir fyrstu umboðin er sett fram í II. viðauka.

3. Þegar verki, sem umboð nær yfir, lýkur skal ákveða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. tilskipunar 97/13/EB, hvort nýta skuli afrakstur vinnunnar í tengslum við umboðin á vettvangi bandalagsins.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. er framkvæmdastjórninni eða aðildarríki heimilt, ef þau telja að verk, sem er unnið samkvæmt umboði sem CEPT/ECTRA eða CEPT/ERC hefur fengið, gangi ekki nógu vel með tilliti til tímaáætlunarinnar sem mælt er fyrir um, að vísa málinu til leyfisveitinganefndarinnar sem grípur til aðgerða í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 17. gr. tilskipunar 97/13/EB.

6. gr.

Samvinna við Fjarskiptastaðlofstofnun Evrópu (ETSI)

Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, þar sem við á, í samvinnu við ETSI til að stuðla að sameiginlegum og opnum staðli fyrir veitingu samhæfðrar, altækra farstöðvakerfisþjónustu (UMTS) um alla Evrópu, í samræmi við kröfur markaðarins og að teknu tilliti til þarfárinna á að leggja sameiginlegan staðal fyrir Alþjóða-fjarskiptasambandið (ITU) sem valkost fyrir alþjóðlegu ITU-tillöguna IMT 2000.

7. gr.

Nefndin

Við framkvæmd þessarar ákvörðunar skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar leyfisveitinganefndarinnar sem komið var á fót með 14. gr. tilskipunar 97/13/EB.

8. gr.

Skipti á upplýsingum

1. Framkvæmdastjórnin skal greina nefndinni reglulega frá árangrinum af samráði við fulltrúa fyrirtækja sem bjóða fram fjarskiptaþjónustu eða -net, notendur, neytendur, framleiðendur og stéttarfélög.

2. Nefndin skal, að teknu tilliti til fjarskiptastefnu bandalagsins, hvetja til upplýsingaskipta á milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um ástand og þróun löggjafar að því er varðar heimildir fyrir altæka farstöðvakerfisþjónustu (UMTS).

9. gr.

Alþjóðleg viðhorf

1. Framkvæmdastjórnin skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að auðvelda upptöku altæka farstöðvakerfisins (UMTS) og frjálst flæði búnaðar þess í þriðju löndum.

2. Með þetta að markmiði skal framkvæmdastjórnin leitast við að koma til framkvæmda alþjóðlegum samningum sem gilda um altæka farstöðvakerfið (UMTS) og skal, einkum og þar sem nauðsyn krefur, leggja fram tillögur fyrir ráðið um viðeigandi umboð til samninga-viðræðna um tvíhliða og marghliða samninga við þriðju lönd og alþjóðlegar stofnanir. Ráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta.

3. Ráðstafanir, sem eru gerðar samkvæmt þessari grein, skulu vera með fyrirvara um skuldbindingar bandalagsins og aðildarríkjanna samkvæmt viðeigandi alþjóðasamningum.

10. gr.

Tilkynningar

Aðildarríkjunum ber að láta framkvæmdastjórninni í té allar upplýsingar sem hún kann að þarfnast til að geta fylgst með framkvæmd þessarar ákvörðunar.

11. gr.

Viðskiptaleynd

Ákvæði 20. gr. tilskipunar 97/13/EB skulu eiga við um upplýsingar í samræmi við þessa ákvörðun.

12. gr.

Skýrsla

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með þróun á sviði altæka farstöðvakerfisins (UMTS) og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um árangur þeirra aðgerða, sem gerðar eru samkvæmt þessari ákvörðun, að tveimur árum liðnum.

13. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu, með laga- eða stjórnsýslufyrirmælum, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma þær ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eða eru samþykktar samkvæmt henni.

14. gr.

Gildistími

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og skal gilda í fjögur ár eftir þann dag.

15. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. desember 1998.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

W. MOLTERER

forseti.

*I. VIÐAUKI***EIGINLEIKAR SEM ALTÆKA FARSTÖÐVAKERFIÐ (UMTS) Á AÐ VERA GERT FYRIR**

Eiginleikar sem kerfið þarf að hafa til að ráða við hina ýmsu þjónustuþætti

1. Margmiðlunarmöguleiki; háhraða- og lághraðabúnaður í mismunandi landslagi umfram getu kerfa annarrar kynslóðar, til að mynda GSM.
2. Öflugur aðgangur að Netinu, innri netum og annarri þjónustu sem grundvallast á samskiptareglum Netsins (Internet Protocol (IP)).
3. Hágæðatalsendingar sem samsvara slíkum sendingum í föstum fjarskiptanetum.
4. Yfirferanleiki þjónustu á milli ólíks umhverfis mismunandi altækra farstöðvakerfa (UMTS) þar sem við á (til dæmis almennt/einka/viðskipta; fast/feranlegt).
5. Starfræksla í einu snurðulausu umhverfi, þar með talið fullt reiki við GSM ásamt reiki milli jarð- og gervihnattahluta altæka farstöðvakerfisins (UMTS).

Útvarpsaðgangskerfi

- nýir jarðbundnir þráðlausir skilfletir fyrir aðgang að allri þjónustu, þar með talið að þjónustu grundvallaðri á gagnapökkum, sem eru gerðir fyrir ósamhverfa umferð og bandvídd/gagnahraða eftir þöntun á samræmdum tíðnisviðum,
- góð almenn nýting tíðnisviðsins, þar með talið notkun tviátta og einátta tíðni.

Grunnnet

- meðferð upphringinga, þjónustu-, staðsetningar- og hreyfanleikastjórnun þar með talið full reikivirkni sem grundvallast á þróun núverandi grunnnetkerfa, til dæmis á þróðu GSM-grunnneti, með hliðsjón af samleitni milli farneta og fastra neta.

*II. VIÐAUKI***TÍMAÁÆTLUN**

Frá febrúar 1999 ber að gefa út umboð til Samtaka póst- og símastjórna í Vestur-Evrópu (CEPT) um frekari veitingu tíðnisviðs þar með talið frekari úthlutun tíðnisviða til viðbótar þeim FPLMTS-böndum (fjarskiptaböndum fyrir jarðfarstöðvar framtíðarinnar) sem Alþjóðaráðstefnan um stjórnun þráðlausra fjarskipta (WARC- 92) úthlutaði fyrir altæka farstöðvakerfið (UMTS).

Frá febrúar 1999 ber að gefa út umboð til Samtaka póst og símastjórna í Vestur-Evrópu (CEPT) um að koma á fót einnarviðkomuáferð fyrir þjónustu þar sem þörf krefur.
